



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

Alþingi

Erindi nr. P 128/782

komudagur 16.1.2003

S/7

Alþingi,
umhverfisnefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

14. janúar 2003

Efni: Frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 240. mál.

Með bréfi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 10. desember sl., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) um ofangreint þingmál. Hér er um að ræða frumvarp til heildarlaga, og hefur undirbúningur þess staðið allengi. Hefur SÍT gefist kostur á að fylgjast nokkuð með því starfi, svara fyrirspurnum frumvarpshöfunda og koma með ábendingar. Þá sendi umhverfisnefnd SÍT frumvarpið til umsagnar í fyrra, og kom SÍT þá enn með athugasemdir og breytingartillögur, sbr. bréf SÍT til nefndarinnar, dags. 12. mars 2002. Í flestum atriðum hefur verið tekið tillit til ábendinga SÍT, sem einkum hafa snúist um skaðabóta- og vátryggingarreglur frumvarpsins. Að þessu sinni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

1. Í 2. gr. frumvarpsins er fjallað um gildissvið. Í athugasemdum með 2. gr. segir, að það sé efnislega hið sama og samkvæmt sömu grein gildandi laga, þ.e. laga nr. 32/1986. Er það ekki alls kostar rétt, þótt slíkt kunni að hafa verið ætlun frumvarpshöfunda, og er texti 2. gr. frumvarpsins þrengri en í gildandi lögum. Þannig segir í frumvarpinu, að það taki „til hvers konar starfsemi sem tengist framkvæmdum, skipum og loftförum“. Í frumvarpinu sér þess víða stað, að það á ekki eingöngu að taka til starfsemi sem tengist framkvæmdum heldur einnig atvinnurekstrar af ýmsu tagi, sem valdið getur mengun hafs og stranda. Nægir að benda á fylgiskjal I til skýringar á þessu, en þar er í tæpum fjörutíu tölulíðum talin upp starfsemi á landi, sem getur valdið bráðamengun á hafi og ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó. Lagt er eindregið til, að orðalagið verði endurskoðað og afmörkun gildissviðsins verði fært nær því, sem ætla má að fyrir frumvarpshöfundum vaki. Hugsanlega er nægilegt að breyta upphafi 1. mgr. 2. gr. sem hér segir:

„Lögin taka til hvers konar starfsemi sem tengist atvinnurekstri, framkvæmdum, skipum og loftförum.....“ o.s.frv.

2. Í 16. gr. frumvarpsins, og raunar í öllum IV kafla frumvarpsins, er fjallað um ábyrgð á bráðamengunartjóni, hlutlæga ábyrgð og váttryggingarskyldu í því sambandi. Yfirskrift greinarinnar er „Váttryggingar og ábyrgð á mengunartjónum“. Lagt er til, að yfirskriftin orðist svo: „Váttryggingar og ábyrgð á bráðamengunartjónum“. Er það til frekari áréttingar og í samræmi við fyrirsögn 15. gr., sem er „Íhlutun vegna bráðamengunar“.
3. SÍT hefur í fyrri umsögn sinni bent á nauðsyn þess, að skýrlega sé kveðið á um það, að efni þessa frumvarps víki ekki til hliðar ákvæðum sérlaga, s.s. siglingalaga nr. 34/1985 með síðari breytingum, en í IX. kafla þeirra laga er fjallað um ábyrgð útgerðarmanns og takmörkun ábyrgðar. Lagði SÍT til, að það yrði gert í 2. másl. 1. mgr. 7. gr. með ákveðnu orðalagi og frekari skýringar gefnar í athugasemdum með frumvarpinu. Hefur í þessari gerð frumvarpsins verið tekið tillit til ábendinga SÍT að þessu leyti. Þannig segir í 1. mgr. 7. gr. að eigendum skipa sé heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð í samræmi við gildandi lagaákvæði. Í athugasemdum með 7. gr. er skýrt, að í því sambandi sé átt við ákvæði IX. kafla siglingalaga. Jafnframt segir efnislega í athugasemdum um 1. mgr. 2. gr., að frumvarpinu sé ætlað að gilda að svo miklu leyti sem önnur sérlög gildi ekki um hlutaðeigandi atriði. Meðal sérlaga, sem þar komi til álita séu siglingalög.


Þrátt fyrir framangreint hefur þess mjög orðið vart, að ekki sé nægilega tryggilega frá því gengið í frumvarpinu, að um ábyrgð eigenda skipa og heimildir til takmörkunar farin að siglingalögum. Hefur slíkra sjónarmiða fyrst og fremst orðið vart vegna fortakslauss orðalags í 2. mgr. 20. gr. frumvarpsins um skyldu eiganda til að fjarlægja skipsflök, en einnig vegna 16. gr., þar sem fjallað er um afdráttarlausu bráðamengunarábyrgð og váttryggingarskyldu í því sambandi.

Samband íslenskra tryggingafélaga hvetur umhverfisnefnd til að huga rækilega að þessu atriði, enda ástæðulaust að ganga svo frá máli, að það verði tilefni ágreinings síðar. Hugsanlega er óþarft að breyta frumvarpstextanum sjálfum. Nægilegt sé í þessu sambandi að umhverfisnefndin árétti í nefndaráliti sínu, að ákvæði IX. kafla siglingalaga um takmörkun ábyrgðar o.s.frv. eigi við um 16. og 20. gr.

4. Í frumvarpinu er miðað við, að lögín öðlist gildi 1. janúar 2003. Lagt er til, að gildistíminn verði 1. janúar 2004, og er þá miðað við það, að frumvarpið verði samþykkt nú á vorþingi 2003. Er í senn eðlilegt og nauðsynlegt, að þeir sem lögín taka til, fái hæfilegan aðlögunartíma að þeim.

Samband íslenskra tryggingafélaga er reiðubúið að skýra frekar sjónarmið sín til þingmáls þessa, verði þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Arnarsson